

Nr. 007 / 09 Hrafn GK 111***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1628
Smíðaður: Akureyri 1983 stál
Stærð: 680,3 brl. 1067 bt.
Mesta lengd: 61,76 m Skráð lengd: 58,56 m
Breidd: 9,76 m Dýpt: 6,74 m
Vél: Wichmann 1472 1982
Fjöldi skipverja: 27



Hrafn ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. janúar 2009 var Hrafn GK 111 að togveiðum djúpt vestur af Breiðafirði. Veður: ANA 14-16 m/sek. Kvika.

Skipverji lá á hnjúnum í pönnuvagni og var að draga frystipönnur út úr frystitæki og raða þeim á vagn. Vagninn tekur fimm stæður og staflaði hann pönnunum fyrst upp í eina stæðu og var byrjaður að raða í aðra. Annar skipverji sá að hætta steðjaði að og fór þá inn í vagninn. Hann studdi við stæðurnar sem féllu á hann þegar velta kom á skipið. Skipverjinn ökklabrotnaði og var fluttur í land með þyrlu.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði ásamt öðrum vönum skipverja stóð fyrir utan en sá sem var að taka úr tækinu hafði litla reynslu til sjós. Slasaði sagði að þegar hann sá hvernig staðið var að vinnunni hafi hann óttast að staflinn hryndi ofan á manninn í vagninum. Í staðinn fyrir að segja honum að forða sér úr vagninum og láta pönnurnar hrynja benti hann honum á að lækka stæðurnar og dreifa þeim jafnt í vagninn;
- að skipverjinn sem var að taka pönnurnar úr tækjunum varð ekki var við þegar slasaði kom inn í vagninn og hann ekki sagt neitt;
- að slasaði taldi að í hærri stæðunni hafi verið 13 pönnur, eða jafn margar og hillur frystitækisins, og í þeirri lægri 6-7 pönnur. Þegar þær komu úr frystitækinu voru þær sérstaklega sleipar;

- að skipverjinn sem var að slá úr tækinu sagði að hann hafi verið búinn að raða í tvær stæður u.þ.b. 10 pönnur í aðra og 5 í hina og taldi sig hafa verið búinn að taka úr einni röð í tækinu (13 pönnur);
- að gulllax var í frystipönnunum í pakkingum 30 kg+ og vóg hver panna nær 35 kg. Þær stóðu á vagninum þvert á veltu skipsins og var staflinn því sérstaklega veikur fyrir veltunni;
- að slasaði var í „Thermolight“ stígvélum sem eru með stáltá og þykkri álplötu í sóla. Slasaði taldi að þessi fótabúnaður hafi bjargað fætinum fyrir neðan ökkla. Megin þunginn hafi skolið á sólann og stáltána svo ristin og öll bein neðan ökkla sluppu en svo hefði ekki farið í venjulegum gúmmístígvélum;
- að slasaði benti á að vegna aðstæðna við þetta frystitæki væri þetta venjulegt vinnulag við að taka úr því í góðu veðri. Þegar tekið er úr öðrum tækjum er pönnunum dreift jafnt í vagninn og eru þær því sjóbúnar jafnóðum;
- að skipstjóri sagði það vítavert gáleysi að beita svona verklagi. Það skapaði augljósa hættu að beita svona vinnulagi og ætti það að vera öllum sjómönnum ljóst ekki síður þeim óvönu.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var gáleysi slasaða að fara inn í vagninn.